

27. JANÚAR
2023

HARPA
NORÐURLJÓS



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

Hringla/ Bára Gísladóttir

FÖSTUDAGSRÖÐ

Velkomin

Vinsamlegast hafið slökkt
á farsímum meðan á
tónleikum standur.

Tónleikagestir eru beðnir um
að klappa aðeins í lok tónverks.

Tímalengd verka:

her palms faced down forever after 7'

VAPE 12'

Hringla 16'

Tónleikarnir eru teknir upp og sendir út á Rás 1 síðar.

Upptökur með Sinfóníuhljómsveit Íslands má finna á YouTube
og Spotify-rásum hljómsveitarinnar. Á Spotify má einnig finna
lagalista með allri tónlist starfsársins.

Hringla/Bára Gísladóttir

HÁDEGISTÓNLEIKAR Á MYRKUM MÚSÍKDÖGUM
Í NORÐURLJÓSUM 27. JANÚAR 2023 KL. 12:15

Sinfóníuhljómsveit Íslands

Nathanaël Iselin

hljómsveitarstjóri

Bára Gísladóttir

einleikari

Bára Gísladóttir

her palms faced down forever after (2020)

Bára Gísladóttir

VAPE (2016)

Bára Gísladóttir

Hringla (2022)

For information in English about tonight's programme, please visit the Iceland Symphony Orchestra's website: en.sinfonia.is

Á þessum hádegistónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands á Myrkum músíkdögum í ár hljóma verk eftir Báru Gísladóttur, en hún hefur vakið verulega athygli undanfarin ár fyrir frumlegar tónsmíðar sínar og hlotið fjölda viðurkenninga. Þannig kallaði gagnrýnandi Politiken Báru eitt mest spennandi tónskáld okkar tíma og hinn áhrifamikli gagnrýnandi stórblaðsins *The New Yorker*, Alex Ross, útnefndi plötu Báru, *VÍDDIR*, eina af eftirminnilegust upptökum ársins 2022. Loks sagði tónlistarfræðingurinn Arnar Eggert Thoroddsen um tónlist Báru: „Fegurðin er svo umlykjandi, svo sönn og svo stingandi ...“ (Morgunblaðið, 2022).

Upphafsverk tónleikanna er einleiksverkið *her palms faced down forever after*, afar seiðandi einleiksverk samið árið 2020 fyrir kontrabassa og hljóðgervil sem tónskáldið leikur sjálf á tónleikunum.

Hugmyndin að verkinu *VAPE* spratt út frá árás sem fimm menn gerðu með taugagasinu sarin í neðanjarðarlestarkefni Tókýó-borgar árið 1995, og er hljómsveitinni skipt í fimm hópa. Verkið var samið árið 2016 fyrir Dönsku útvarpshljómsveitina og var frumflutt árið 2017. Síðan þá hefur það farið víða, var meðal annars flutt á opunarhátíð hinnar víðfrægu tónlistarhátíðar í Darmstadt í Þýskalandi.

Hringla er verk fyrir hljómsveit, rafmagnaðan kontrabassa og rafhljóð sem Bára frumflutti sjálf ásamt Fílharmóníusveit Kaupmannahafnar í febrúar 2022, sem nýr vinningshafi Gladsaxe-tónlistarverðlaunanna. Tónlistin skírskotar til margræðninnar í titli verksins, sem bæði getur merkt skrölt og glamur eða óstöðuglyndi og óákveðni; verkið snýst þannig um titilinn sjálfan, hringluna eða þá að hringla eða jafnvel að hringla með eitthvað.

Hljómsveitin tók nýverið upp verkið ÓS fyrir bandaríska útgáfufyrirtækið Sono Luminus. Ós var pantað af Reykjavíkurborg og Sinfóníuhljómsveit Íslands í tilefni af aldarafmæli fullveldis Íslands og frumflutt í Eldborg 1. desember 2018. Í verkinu tekst Bára á við hin ýmsu blæbrigði orðsins óss.

Magnús Lyngdal Magnússon

Nathanaël Iselin

HLJÓMSVEITARSTJÓRI

Franski hljómsveitarstjórinn Nathanaël Iselin er staðarhljómsveitarstjóri hjá Sinfóníu-hljómsveit Íslands starfsárið 2022-23. Iselin hefur vakið mikla athygli fyrir tónlistar-hæfileika sína á undanförunum árum. Hann er aðstoðarstjórnandi Sinfóníuhljómsveitar Árósa og hlaut í fyrra fyrstu verðlaun í hinni virtu Panula-hljómsveitarstjórakeppni sem haldin er í Vaasa í Finnlandi.

Á síðasta starfsári stjórnaði Iselin meðal annars Þjóðarhljómsveitinni í Montpellier og Sinfóníuhljómsveitinni í Lahti í Finnlandi. Árið 2019 stjórnaði hann Fílharmoníusveit Kaupmannahafnar á sérstökum hátíðartónleikum fyrir Margrétu Þórhildi Danadrottningu.

Iselin lærði hljómsveitarstjórn við fjóra af kunnustu tónlistarháskólum Evrópu: Sibeliusakademíuna í Helsinki, Conservatoire National Supérieur de Musique í París, Hochschule der Künste í Zürich og Konunglega danska tónlistarháskólann. Meðal lærimeistara hans voru Mariss Jansons, Susanna Mälkki og Jorma Panula. Iselin er einnig slagverksleikari og hefur meðal annars leikið með Ensemble Intercontemporain og Óperuhljómsveitinni í Limoges.

Hann stjórnaði Sinfóníuhljómsveit Íslands á páskátónleikum 2022 og var í kjölfarið boðin staða staðarhljómsveitarstjóra.

Bára Gísladóttir

TÓNSKÁLD/EINLEIKARI

Tónskáldið og kontrabassaleikarinn Bára Gísladóttir nam tónsmíðar við Listaháskóla Íslands hjá Hróðmari I. Sigurbjörnssyni og Puríði Jónsdóttur auk þess að nema við Giuseppe Verdi-tónlistarháskólann í Milánó (Gabriele Manca) og Konunglega tónlistarháskólann í Kaupmannahöfn (Niels Rosing-Schow og Jeppe Just Christensen). Bára hefur unnið til fjölda verðlauna fyrir verk sín, þar á meðal Carl Nielsen and Anne Marie Carl-Nielsen Foundation's Talent Awards, Gladsaxe Music Prize og Léonie Sonning Talent Prize. Þá var plata kennar, Kraumur, tilnefnd til Íslensku tónlistarverðlaunanna og verk hennar VÍDDIR var tilnefnt til tónlistarverðlauna Norðurlandaráðs.

Verk hennar hafa verið flutt víða, m.a. af Fílharmoníusveitinni í Kaupmannahöfn, Dönsku þjóðarhljómsveitinni, Útvarpshljómsveitinni í Frankfurt, Sinfóníuhljómsveit Íslands og fjöldanum öllum af kammerhópum auk þess sem þau hafa verið valin til flutnings á tónlistarhátíðum víða um heim, s.s. CPH Jazz Festival, Myrkum músikdögum, Darmstädter Ferienkurse, Huddersfield Contemporary Music Festival, International Rostrum of Composers og KLANG Festival.

Bára hefur meðal annars sent frá sér plöturnar VÍDDIR (Dacapo Records 2022) og Caeli (Sono Luminus 2021) og hún kemur víða fram sem flytjandi eigin verka. Þá leikur hún á kontrabassa í Elja Ensemble. Verk Báru eru gefin út af Edition:S.

Sinfóníuhljómsveit Íslands

1. fiðla

Emma Steele
Zbigniew Dubik
Lin Wei
Geirþrúður Ása Guðjónsdóttir
Andrzej Kleina
Helga Þóra Björgvinsdóttir
Joanna Bauer
Kateryna Mysechko
Pálína Árnadóttir
Margrét Kristjánsdóttir
Bryndís Pálsdóttir
Hildigunnur Halldórsdóttir

2. fiðla

Páll Palomares
Margrét Þorsteinsdóttir
Sigurlaug Eðvaldsdóttir
Ingrid Karlsdóttir
Greta Guðnadóttir
Ólöf Þorvarðsdóttir
Þórdís Stross
Hekla Finnsdóttir
Kristján Matthíasson
Gróa Margrét Valdimarsdóttir

Víóla

Þórunn Ósk Marinósdóttir
Ríta Þorfiris
Svava Bernharðsdóttir
Þórarinn Már Baldursson
Kathryn Harrison
Guðrún Þórarinsdóttir
Anna Elísabet Sigurðardóttir
Herdís Anna Jónsdóttir

Selló

Sigurður Bjarki Gunnarsson
Hrafnkell Orri Egilsson
Júlía Mogensen
Urh Mrak
Hjörtur Eggertsson
Margrét Árnadóttir
Bryndís Halla Gylfadóttir

Bassi

T.C. Fitzgerald
Þórir Jóhannsson
Richard Korn
Hávarður Tryggvason

Flauta

Áshildur Haraldsdóttir
Martial Nardeau
Björg Brjánsdóttir

Óbó

Julia Hantschel
Matthías Nardeau
Peter Tompkins

Klarínett

Arngunnur Árnadóttir
Finn Schofield
Birkir Örn Hafsteinsson

Fagott

Clara Manaud
Dagbjört Ingólfssdóttir
Brjánn Ingason

Horn

Asbjörn Ibsen Bruun
Emil Friðfinnsson
Joseph Ognibene
Abel Pérez Armas

Trompet

Einar Jónsson
Eiríkur Örn Pálsson
Guðmundur Hafsteinsson

Básúna

Sigurður Þorbergsson
Carlos Caro Aguilera

Bassabásúna

David Bobroff

Túba

Nimrod Ron

Harpa

Katie Buckley

Píanó

Mathias Halvorsen

Celesta

Guðrún Dalía Salómonsdóttir

Pákur

Soraya Nayyar

Slagverk

Steef van Oosterhout
Frank Aarnink
Kjartan Guðnason

Rafhljóð

Bergur Þórisson

Lára Sóley Jóhannsdóttir
framkvæmdastjóri
Valdís Þorkelsdóttir
viðburða- og skipulagsstjóri
Hrafnhildur Árnadóttir
verkefnastjóri viðburða
Hjördís Ástráðsdóttir
fræðslustjóri
Dagrún Hálfánardóttir
mannauðsstjóri

Halla Oddný Magnúsdóttir
listrænn ráðgjafi
Jökull Torfason
verkefnastóri dagskrárgerðar
Margrét Ragnarsdóttir
markaðs- og kynningarstjóri
Kristín Björg Björnsdóttir
markaðsfulltrúi
Svanhvit Hrólfssdóttir
fjármálastjóri

Kristbjörg Clausen
nótnavörður
Cameron Anderton
umsjónarmaður nótna
Sigþór J. Guðmundsson
verkefnastjóri sviðs- og tæknimála
Björk Björgúlfssdóttir
sviðs- og tæknimaður